

HIÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

TILKYNNIR ÚTGÁFU

# Arfleifðar Darwins

## ARFLEIFÐ DARWINS

ÞRÓUNARFRÆÐI, NÁTTÚRA OG MENNING

Þróunarkenningin er víðtækasta kenning líffræðinnar og snertir alla þætti lífsins. Charles Darwin lagði grundvöllinn að henni árið 1859 í einni frægustu bók allra tíma, *Uppruna tegundanna*. Þar útskýrði hann hvernig allar lífverur hafa aðgreinst frá sameiginlegum forföður á löngum tíma og hvernig náttúrulegt val hefur leitt til aðlögunar lífvera að umhverfi sínu. Síðan hafa vísindamenn mótað þróunarfræðina og sannreynt kenninguna með endurteknum prófunum. Þróunarkenningin á brýnt erindi því að hún skýrir lífheiminn, frá smæstu veirum til heilla vistkerfa – og ekki síst uppruna og þróun mannsins.

Í þessari bók er þráðurinn tekinn upp þar sem Darwin skildi við hann og raktar ýmsar hugmyndir og niðurstöður rannsókna síðari tíma. Bókin inniheldur fjórtán greinar ritaðar af sextán íslenskum fræðimönnum á sviði líffræði, jarðfræði, trúarbragðafræði og vísindasagnfræði. Tilefnið er að árið 2009 var 200 ára afmæli Darwins og 150 ár frá útgáfu *Uppruna tegundanna*.

Lögmál þróunarinnar eru grundvöllur líffræðinnar og skipta sköpum í mörgum mikilvægum vísindagreinum sem varða manninn og tilveru hans – því að maðurinn er afurð þróunar rétt eins og dýr merkurinnar og mosar heiðanna.

### RITSTJÓRAR:

Arnar Pálsson, Bjarni Kristófer Kristjánsson, Hafdis Hanna Ægisdóttir, Snæbjörn Pálsson, Steindór J. Erlingsson.

Arfleifð Darwins verður seld með 30% afslætti  
í Bóksölu stúdenta allan október 2010.

Hægt er að panta eintak af Arfleifð Darwins með því að hafa samband við Hið íslenska bókmenntafélag (sími: 588 9060 og netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is)).

Sýnishorn, inngang og valda kafla bókarinnar má sjá á vefnum [darwin.hi.is](http://darwin.hi.is).

## Kaflar bókarinnar

1. Þróunarkenningin – Einar Árnason
2. Gen, umhverfi og svipfar lífveru – Einar Árnason
3. Landnám þróunarkenningarinnar á Íslandi, 1872–1910 – Steindór J. Erlingsson
4. Lífríki eyja: Sérstaða og þróun – Hafdís Hanna Ægisdóttir
5. Vitnisburður steingervinga um þróun lífs á jörðinni – Ólafur Ingólfsson og Ingibjörg Svala Jónsdóttir
6. Áhrif Darwins á flokkunarfræði 19. aldar og nútímans – Guðmundur Guðmundsson
7. Þróun atferlis – Hrefna Sigurjónsdóttir og Sigurður S. Snorrason
8. Myndun tegunda og afbrigðamyndun íslenskra ferskvatnsfiska – Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Bjarni Kristófer Kristjánsson
9. Þróun kynæxlunar – Snæbjörn Pálsson
10. Uppruni lífs – Guðmundur Eggertsson
11. Þróun mannsins – Arnar Pálsson
12. Þáttur plöntukynbóta í fæðuöryggi heimsins: Sókn eftir nýjum breytileika – Áslaug Helgadóttir
13. Menning, mím og mannskepnur: Þróunarkenningin í hug- og félagsvísindum samtímans – Guðmundur Ingi Markússon
14. Að skilja hugtökin er meira en að segja það – Hrefna Sigurjónsdóttir

# ARFLEIFÐ DARWINS

Þróunarfræði, náttúra og menning